

Nd.

382. Breytingartillögur

[94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður orðist svo:
Enn fremur haldi þeir námskeið til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.
2. Við 2. gr. Orðin „þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám“ í 3. tölulið falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin skal hafa forgöngu um stofnun iðnskóla. Skal hún nú þegar stofna og starfrækja a. m. k. tvo iðnskóla, annan í Reykjavík, hinn á Akureyri. Skal sem fyrst komið upp heimavistum í sambandi við þá.
4. Við 4. gr. Orðin „úr umdæmi skólans“ í 1. málslið falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
Iðnskólarnir skulu vera dagskólar. Kennsla skal vera bæði verkleg og fræðileg.
Stjórn hvers skóla annast fimm manna skólanefnd, skipuð fulltrúum frá eftirtöldum aðilum, tilnefndum af þeim, einn af hverjum aðila:
 1. Landssambandi iðnaðarmanna.
 2. Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands.
 3. Iðnfræðsluráði.
 4. Iðnnemasambandi Íslands.
 5. Iðnaðarmálaráðherra, og sé sá formaður stjórnarinnar.Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Verksvið hennar er ákveðið með erindisbréfi, er ráðherra setur.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður greiðir stofnkostnað skólanna. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.
8. Við 9. gr.
 - a. 2. másl. 1. málsgr. falli niður.
 - b. Orðin „áður en honum er skipt“ í 2. málsgr. falli niður.
9. Við 12. gr. Orðin „eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári“ falli niður.